



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

11. ágúst 2023

Mál: 2023-07-0229

Sóley Valdimarsdóttir  
Verkefnastjóri skipulagsmála  
Sveitarfélagið Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

## Efni: Umsögn vegna námu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða - Skipulags- og matslýsing og tillaga til kynningar á vinnslustigi fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótisdalshéraðs 2008-2028

Múlaþing óskaði þann 3. júlí 2023 eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um efnisnáma á Kiðueyri í landi Ketilsstaða, nr. 0336/2023: Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á aðalskipulagi). Kynningartími er til 14.8.2023.

Vísað er til fyrri umsagnar Hafrannsóknastofnunar um fyrirhugaða námu á Kiðueyri, dagsett 28. apríl 2023 (málsnúmer 2023-04-0136). Ekki er annað að sjá en að stærð og staðsetning efnistökusvæðis og efnismagn sé það sama og lá fyrir við fyrri umsögn. Í núverandi erindi er gert ráð fyrir að í greinargerð með aðalskipulagi bætis við lína í töflu í kafla 9.10, svohljóðandi:

E172 Kiðueyrar

Forðast skal eins og kostur er að grugga ána og spilla árbökkum og árbotni. Afrennsli fari í settjarnir. Halda skal akstri tækja yfir ána í lágmarki og tryggja að olíumengun berist ekki í hana.

Í fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunar um efnisnám á Kiðueyri eru talin til helstu áhrif efnistöku úr árfarvegum. Í núverandi erindi er staðsetning og umfang fyrirhugaðrar efnistöku það sama og var fjallað um í fyrra erindinu. Í ljósi þess verður að telja að umfjöllun í umsögn frá 28. apríl eigi enn við. Umsögn og mat Hafrannsóknastofnunar á áhrifum framkvæmdar á lífríki Grímsár sem veiðivatns er gerð í samræmi við 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Mögulegt er að leyfisveitendur leggi aðra hagsmuni til grundvallar sem séu ríkarí en hagsmunir lífríkis. Rétt er að benda á að efnisnám á því svæði sem um er fjallað er takmörkuð auðlind.

Mikilvægt er að ef veitt verður leyfi til efnistökkunnar, verði þess gætt að í framkvæmdaleyfi komi fram skýr ákvæði um umgengni við ána og takmörkun á raski á árbökkum og árbotni, auk annar þátta til að draga sem mest úr álagi á lífríki árinna.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Ingi Rúnar Jónsson

Guðni Guðbergsson